

REGLUGERÐ

um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga.

I. KAFLI

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu sveitar- og sýslufélaga eða atvinnufyrirtækja þessara aðila með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði reglugerðarinnar taka þó ekki til:

1. Borgar-, bæja- eða sveitarstjóra.
2. Iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarféлага þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

2. gr.

Sveitarstjórn er í fyrirsvari síns sveitarfélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn þess. Hún getur skipað 3ja til 5 manna nefnd til að annast samninga af sinni hendi. Á sama hátt er sýslunefnd í fyrirsvari hlutaðeigandi sýslufélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn þess.

3. gr.

Starfsmannafélög, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd viðurkennir, fara með allan samningsrétt og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna skv. reglugerð þessari. Stjórnir einstakra félaga eða til þess kjörnar nefndir eru í fyrirsvari þeirra um gerð samninga. Félögin skulu tilkynna sveitarstjórn eða sýslunefnd formann og varaformann samninganefndar, eigi síðar en við uppsögn samninga. Starfsmaður, sem reglugerð þessi tekur til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður viðurkenndra félaga samkvæmt grein þessari eftir nánari reglum í samþykktum félaganna. Hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn viðurkennt fleiri en eitt starfsmannafélag, má starfsmaður eigi vera félagi nema í einu hinna viðurkenndu félaga.

Starfsmaður, sem eigi er innan vébanda samtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, skv. lögum nr. 46/1973, skal greiða til þeirra samtaka, sem hann ætti að tilheyra, gjald, sem er jafnt og það, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan samtaka.

II. KAFLI

4. gr.

Launakjör starfsmanna sveitar- og sýslufélaga, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðila þeirra, er í 2. og 3. gr. getur.

Laun starfsmanna, sem eigi eru innan vébanda viðurkenndra félaga, skulu ákveðin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd án samninga. Slíkar ákvarðanir skulu tilkynntar stjórnnum viðurkenndra starfsmannafélaga.

5. gr.

Í aðalkjarasamningi skulu einstök félög, er viðurkenningu hafa hlotið, semja um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu og orlof. Þá skal þar kveða á um greiðslu ferðakostnaðar.

Aðalkjarasamningur tekur ekki til lífeyrisréttinda, launa í veikindaforföllum, aukatekna og annarra hlunninda, sem líkt er farið.

6. gr.

Einstök félög skulu einnig semja um skípan starfsheita og manna í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar aðstæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru bundin í reglugerðum sveitar- og sýslufélaga.

7. gr.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Aðalkjarasamningur skal gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára og koma til framkvæmda 1. júlí næst á eftir gerð hans.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan hálf mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla reglugerðar þessarar gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

8. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir miðað við áramót. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga samkvæmt 6. gr.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

9. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

10. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja sínum kröfugerð og megingintillögur um nýjan aðalkjarasamning, og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

Þegar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests, skal aðili, er sagt hefur upp samningum, senda gagnaðilja sínum megingintillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga, sbr. 6. gr.

11. gr.

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum og Kjaradómi samtímis og gögn þessu eru send gagnaðilja.

III. KAFLI

12. gr.

Aðili aðalkjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningsumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningur komizt á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sáttasemjara ríkisins eða aðilja, að skipa til sáttastarfs sérstakan sáttasemjara eða sáttanefnd, er hafi réttindi og skyldur ríkissáttasemjara samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

Leynileg atkvæðagreiðsla starfsmanna, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillögu undir yfirsjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur, nr. 80/1938, hvort tillaga telst samþykkt eða felld.

Hlutaðeigandi borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða formaður sýslunefndar greiða fyrir hönd hlutaðeigandi sveitar- eða sýslufélags atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega áður en allsherjaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. lýkur.

Ákvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf skv. reglugerð þessari.

14. gr.

Nú er deila um aðalkjarasamninga eigi til lykta leidd að liðnum þremur mánuðum uppsagnarfrests, og tekur Kjaradómur þá við máli. Aðiljar skulu þá þegar senda Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Aðiljar geta fyrir á stigi máls en í 1. málsgr. segir, vísað kjaradeilu til Kjaradóms, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðilja, þegar hann telur sýnt, að frekari sátttaumleitani verði árangurslausar.

IV. KAFLI

15. gr.

Kjaradómur, sem skipaður er skv. lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna tekur kjaradeilu til meðferðar skv. 14. gr. og skal hafa lagt dóm á ágreiningsefni fyrir lok janúarmánaðar.

16. gr.

Þegar aðalkjarasamningur hefur verið gerður eða Kjaradómur hefur lokið dómi í kjaradeilu um aðalkjarasamning, skulu einstök félög, sbr. 3. gr., hefja samninga um skipan starfsheita í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar ástæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur þau kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur eigi til.

Aðiljar geta vísað þessari kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins til sátttaumleitana. Afskiptum sáttasemjara lýkur, þegar deilu er vísað til Kjaradóms, samkvæmt 3. mgr.

Þeim atriðum, sem eigi hefur verið samið um fyrir 1. júní næst á eftir gerð aðalkjarasamnings eða dómi Kjaradóms um aðalkjarasamning, skal skotið til Kjaradóms, er skera skal til fullnaðar úr ágreiningi aðilja innan tveggja mánaða.

Sérsamningar eða úrskurðir Kjaradóms samkvæmt þessari grein skulu koma til framkvæmda um leið og aðalkjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 21. gr.

17. gr.

Aðiljar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

18. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

19. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

20. gr.

Kjaradómur skal við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af:

1. Kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu.
2. Kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna.
3. Afkomuhorfum þjóðarbúsins.

21. gr.

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Dómur Kjaradóms kemur til framkvæmda 1. júlí næst á eftir uppkvaðningu hans og gildir í tvö ár frá þeim tíma.

Dómur bindur aðilja á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjaraákvæða hans og framlengingu ákvæða reglugerðar þessarar um kjarasamninga, sbr. II. kafla.

V. KAFLI

22. gr.

Stjórn hlutaðeigandi starfsmannafélags tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk innan stjórnar félagsins um að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal þá slík atkvæðagreiðsla fram fara meðal starfsmanna innan þess félags, er í hlut á, til samþykktar eða synjunar.

VI. KAFLI

23. gr.

Kjaranefnd, sem skipuð er skv. lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja um

1. Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna eða starfshópa.
4. Ágreining um fæðisaðstöðu og fæðiskostnað einstakra starfsmanna eða starfshópa.

Hlutaðeigandi félög eru í fyrirsvari starfsmanna fyrir Kjaranefnd.

VII. KAFLI

24. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á reglugerð þessari, ágreining um skilning á kjarasamningi og gildi hans og um félagsréttindi starfsmanna, sbr. 3. gr.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál, nefna heildarsamtök þau, sem viðurkenningu hafa hlotið, svo og fjármálaráðherra dómendur til setu í dómnum í stað þeirra dómenda, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Hlutaðeigandi starfsmannafélag, er viðurkenningu hefur hlotið, rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hlut eiga. Að öðru leyti gilda ákvæði 45. gr. laga nr. 80/1938 um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. KAFLI

25. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

26. gr.

Nú er sett á fót stofnun hjá sveitar- eða sýslufélagi og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar og viðurkennds starfsmannafélags, sem í hlut á.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðilja, skal Kjaranefnd skera úr deilunni. Sama gildir, ef til koma nýjar stöður við stofnanir sveitar- eða sýslufélags.

27. gr.

Óski viðurkennd heildarsamtök samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1973 og hlutaðeigandi sveitarstjórnir og sýslunefndir, er félagsmálaráðherra heimilt að lengja fresti samkvæmt 14. og 16. gr. reglugerðar þessarar.

28. gr.

Við gerð fyrstu kjarasamninga eftir gildistöku reglugerðar þessarar er nægilegt, að tillögur og kröfugerð varðandi sérsamninga, sbr. 2. mgr. 10. gr., berist 10 dögum eftir undirritun aðalkjarasamninga eða uppkvaðningu dóms Kjaradóms um kjara-deilu.

Sá kjarasamningur, sem fyrst er gerður eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal gilda frá 1. janúar næst á eftir, að því er varðar föst laun og vinnutíma og yfirvinnukaup, en frá 1. júlí næst á eftir, að því er varðar önnur kjaraatriði.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 46/1973, öðlast þegar gildi og birtist til eftirreynni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.